
Hjúkrunarheimilið Ísafold Garðabæ

Úttekt á gæðum þjónustu

Svið eftirlits og gæða

Apríl 2015

INNGANGUR

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 hefur landlæknir faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál og undir eftirlit embættisins heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst meðal annars við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

AÐFERÐIR

Í apríl 2015 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunarheimilinu Ísafold, Garðabæ. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá stjórnendum heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur á Ísafold. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar landlæknis; Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn þann 8. apríl 2015. Fundað var með Kristínu Blöndal hjúkrunarforstjóra, Ingibjörgu Valgeirsdóttur forstöðumanni og deildarstjórum hjúkrunardeilda heimilisins; Hönnu Jósafatsdóttur, Kristínu Óskarsdóttur og Sigrúnu Skúladóttur. Farið var yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni og gögn sannreynd.

NIÐURSTÖÐUR ÚTTEKTAR

HUGMYNDAFRÆÐI OG STEFNA

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í *Stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum, 2007*.

Hugmyndafræði Ísafoldar

Hjúkrunarheimilið Ísafold, sem rekið er af Garðabæ, tók til starfa í apríl 2013. Hugmyndafræði Ísafoldar er undir áhrifum af Eden-stefnunni og Lev og bo hugmyndafræðinni auk þess sem horft er til rannsókna á áhrifum umhverfis á skynjun og upplifun einstaklinga. Hugmyndafræði heimilisins er unnin í samráði við íbúa, aðstandendur og starfsfólk. Stjórnendur leggja áherslu á að hugmyndafræði og stefna Ísafoldar sé lifandi plagg sem sé í stöðugri þróun eftir því sem þarfir íbúa breytast og nýjar rannsóknarniðurstöður segja til um á hverjum tíma.

Á Ísafold er leitast við að veita hjúkrun, umönnun og aðra þjónustu með virðingu, sjálfræði og velferð íbúanna að leiðarljósi. Hugmyndafræðin byggir á fimm stöðum sem fela í sér þrjú meginmarkmið og tvö undirmarkmið. Stöðirnar fimm eru hjúkrun, heimilisbragur, virkni, samfélagsleg þátttaka og nærandi umhverfi. Meginmarkmið eru þrjú: Að veita hjúkrun þar sem áhersla er lögð á gæði þjónustunnar í samráði við íbúa; að skapa sem hlýlegastan heimilisbrag þar sem þarfir og óskir íbúa eru hafðar í fyrirrúmi og í þriðja lagi að íbúinn viðhaldi líkamlegri, andlegri og félagslegri færni með áherslu á lífsfyllingu (meaning of life), þátttöku og þjálfun. Fjórða stöðin er að veita möguleika á samfélagslegri þátttöku með áherslu á flæði milli Ísafoldar og samfélagsins í Garðabæ. Að lokum er mikil áhersla lögð á áhrif umhverfis á skynjun og upplifun og er arkitektúr Ísafoldar notaður til að styðja við þá hugmyndafræði. Lögð er áhersla á að hvert rými bjóði upp á nærandi upplifun og markvisst unnið með þá náttúrutengingu sem nærumhverfi Ísafoldar hefur upp á að bjóða.

Ísafold er með góða vefsíðu, www.isafoldin.is, þar sem hugmyndafræði heimilisins ásamt öðrum þáttum er varða þjónustu og starfsemi Ísafoldar er aðgengileg fyrir alla.

Skjalfest stefna og framtíðarsýn

Heimilið hefur mótað sér skjalfestar stefnur varðandi starfsmannamál, lyfjamál, fræðslumál, umhverfis- og öryggismál og upplýsingaöryggi sjúkraskrárgagna sem allar eru skráðar og geymdar í gæðahandbók.

Upplýsingar við komu á heimilið/fjölskyldufundir

Áður en flutt er inn á heimilið er íbúa og aðstandendum boðið að koma í heimsókn á heimilið. Við komu fá nýir íbúar og/eða aðstandendur afhentan upplýsingabækling þar sem fram koma helstu upplýsingar varðandi starfsemi og þjónustu heimilisins og einnig má nálgast nánari upplýsingar á vefsíðu heimilisins. Tekið er fram að íbúar þurfa að hafa ábyrgðarmann gagnvart heimilinu og að ekki er tekin ábyrgð á eigum né fjármunum íbúa.

Að sögn hjúkrunarforstjóra eru fjölskyldufundir haldnir 4-6 vikum eftir flutning á heimilið og síðan árlega og/eða eftir þörfum. Verklagsregla um fjölskyldufund er skráð í gæðahandbók. Áhersla er lögð á að hafa sem best samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að hjúkrunardeildarstjórum og öðrum starfsmönnum heimilisins.

NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA

Stofnendur í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Veita notendamiðaða þjónustu sem er örugg, tímanleg, skilvirk, árangursrík og þar sem jafnræðis er gætt. (Reglugerð um gæðavísu sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar nr. 1148/2008).

Virða lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Hjúkrun og umönnun

Íbúum á Ísafold er tryggð hjúkrunar- og umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og hjúkrunarfræðingur er ábyrgur fyrir hverri vakt á heimilinu allan sólarhringinn alla daga ársins. Á Ísafold er starfrækt hjúkrunarráð sem er fagrað og má finna upplýsingar um það í gæðahandbók heimilisins.

Allir íbúar heimilisins hafa skilgreindan hjúkrunarfræðing og tengla úr röðum sjúkraliða, félagsliða eða annars starfsfólks sem er í 50% starfi eða meira.

Leiðbeiningar um líknandi meðferð eru skráðar í gæðahandbók og ber hjúkrunarfræðingur ábyrg á meðferðinni. Aðstandendur íbúa fá í hendur bækling um líknarmeðferð. Við umönnun íbúa í lífslokameðferð er stuðst við Liverpool Care Pathway/meðferðarferli fyrir deyjandi og eru leiðbeiningar um meðferðina í sérstakri möppu hjá hjúkrunarfræðingi.

Læknisþjónusta

Flestir íbúa koma beint af Landspítala þar sem skoðun og rannsóknir hafa farið fram. Læknir heimilisins starfar á Landspítalanum og oftast en ekki þekkir hann íbúann. Í þeim tilfellum er því ekki alltaf gerð formleg læknisskoðun við komu heldur metið í hvert sinn hvort þess þurfi. Allir íbúar sem koma að heiman eru skoðaðir. Farið er yfir lyfjalista allra og oft er honum breytt fyrstu vikunar. Á fjölskyldufundum er farið yfir meðferð og íbúi og aðstandendur taka ákvörðun um meðferð í samráði við lækni og hjúkrunarfræðing. Skráðar verklagsreglur eru fyrir hendi um viðbrögð við bráðum veikindum /neyðartilfellum.

Íbúar hafa áfram sinn tannlækni eftir komu á heimilið og fylgst er með því að þeir fari í reglubundið eftirlit. Allir íbúar geta sótt sér sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknarþjónustu út fyrir heimilið í samráði við lækni heimilisins.

Þjálfun, virkni og sálgæsla

Sjúkrþjálfari og iðjuþjálfari eru í 100% starfi á Ísafold og sinna þeir einstaklingsmeðferðum skv. tilvísun frá lækni og einnig hóppjálfun. Í apríl 2015 var formlega opnuð ný og glæsileg aðstaða fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun á Ísafold og fer meðferð að mestu leyti fram þar en einnig á hverri heimiliseiningu ef þörf

krefur. Sjúkraþjálfari og iðjuþjálfari vinna náið saman í þverfaglegu starfi og tengja saman meðferðarform sem leiðir til heilðrænnar nálgunar.

Íbúum Ísafoldar er boðið upp á fjölbreytt félagsstarf þar sem áhersla er lögð á notalegar samverustundir og góðan félagsskap. Haft er að leiðarljósi að auka vellíðan ásamt því að viðhalda sjálfsmynd og virðingu þrátt fyrir hrakandi heilsufar. Félagsstarf fer bæði fram inni á heimiliseiningunum og í þjónustumiðstöð á 1. hæð.

Djákni er í 30% starfi á Ísafold og býður upp á einstaklingsviðtöl, kyrrðarstundir og minningarstundir fyrir íbúa, aðstandendur og starfsfólk við andlát einstaklings.

Fæði/mötuneyti

Á Ísafold er móttökueldhús og kemur aðalmáltíð dagsins, sem er á kvöldin, frá SS á Hvolsvelli þar sem menntaðir matreiðslumenn sjá um matseld í samvinnu við næringarfræðing. Í eldhúsi Ísafoldar er eldaður léttur hádegisverður og síðdegis- og kvöldhressing með hollustu og gæði í fyrirrúmi þar sem tekið er mið af ráðleggingum Embættis landlæknis. Lögð er áhersla á fjölbreytt fæðuval og fallega umgjörð um borðhaldið. Þeir íbúar sem á þurfa að halda fá sérþæði og sjúkrasérþæði.

Matseðlar eru útbúnir fyrirfram og aðgengilegir á upplýsingatöflu á hverri heimiliseiningu og á vefsíðu Ísafoldar.

Önnur þjónusta

Íbúar Ísafoldar hafa aðgang að þjónustu á hársnyrti- og fóttaaðgerðarstofu gegn greiðslu. Boðið er upp á þvott á einkafatnaði án endurgjalds en íbúar/aðstandendur þurfa sjálfir að sjá um hreinsun á fatnaði sem þarf sérstaka meðhöndlun.

HÚSNÆÐI OG AÐBÚNAÐUR

Húsnæði Ísafoldar sem tekið var í notkun vorið 2013 er á þremur hæðum og skiptist í sex heimilislegar einingar. Á heimilinu búa 60 íbúar, allir í einbýlum með sérbaðherbergi og teeldhúsi með ísskáp og hafa góðar aðstæður til að innrétta með eigin húsbúnaði. Á hverri einingu eru 10 einstaklingsíbúðir með sameiginlegu eldhúsi, stofu og stórum svölum sem snúa út í stóran skjólgóðan garð á móti suðri.

Húsnæðið er heimilislegt og fallegt og sniðið að þörfum þeirra sem þar búa. Leitast er við að tryggja að einstaklingar með svipaðar þarfir búi saman á einingu. Sérstök úrræði eru í boði fyrir einstaklinga með minnisskerðingu á annarri hæð, þar er 10 manna heimiliseining með lokuðum garði.

MANNAUÐSMÁL

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Huga að því að nauðsynlegur fjöldi heilbrigðisstarfsfólks þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé að uppfylla þarfir mismunandi sjúklingahópa og stuðla að sem bestri heilsu og vellíðan hvers og eins. Taka mið af því að góð heilbrigðisþjónusta byggist fyrst og fremst á vel menntuðu og hæfu starfsfólki. (*Stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum, 2007*).

Stöðugildi hjúkrunarfræðinga á Ísafold eru 10,3, stöðugildi sjúkraliða 10,6, félagsliða 1,9 og ófaglærðs starfsfólks 31,8. Samkvæmt *Viðmiðum um mönnun á hjúkrunarheimilum* frá 2014 er talið æskilegt að hlutfall hjúkrunarfræðinga sé 27% af mannafla sem sinnir umönnun og að lágmarkshlutfall þurfi að vera 20% til að tryggja öryggi íbúa. Þá er í viðmiðunum talið æskilegt að hlutfall faglærðra í umönnun sé 78% og lágmarkshlutfall 57% til að tryggja öryggi. Í fyrrnefndum viðmiðum er talið æskilegt að fjöldi umönnunarklukkustunda sé 5,34 klst. á íbúa á sólarhring og lágmarksfjöldi umönnunarklukkustunda 4,65. (Útreikningar umönnunarklukkustunda miðast við alla sem sinna umönnun, faglærða og ófaglærða).

Á Ísafold er hlutfall hjúkrunarfræðinga 19% og hlutfall faglærðra af þeim sem sinna umönnun einungis 42% og nær ekki lágmarkshlutfalli sé miðað við *Viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum* frá 2014. Á móti kemur að umönnunarklukkustundir á Ísafold voru 5,3 þegar úttektin var gerð.

Ráðningaferli/starfsmannamál

Starfsmenn sem hefja störf á Ísafold þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning, jafnframt er farið yfir mikilvægi þagnarskyldu í ráðningarviðtali. Nýir starfsmenn fá starfslýsingu og einstaklingsmiðaða aðlögun og fá reyndan starfsmann sem leiðbeinanda. Eftir nokkurra daga aðlögun fer deildarstjóri yfir aðlögunarferlið með nýjum starfsmanni. Stuðst er við gátlista fyrir nýja starfsmenn sem er í gæðahandbók. Allir starfsmenn fá netfang og aðgang að innri vef Garðabæjar.

Heildarstarfsmannavelta Ísafoldar árið 2014 var að sögn stjórnenda um 10,5%.

Boðið er upp á influensubólusetningu og starfsfólk hvatt til að láta bólusetja sig. Starfsfólk Ísafoldar fær afslátt í Sundlaug Garðabæjar og afslátt af korti í Sporthúsið auk þess sem starfsfólki Garðabæjar berast reglulega fjölbreytt heilsutilboð. Starfandi er gönguhópur starfsmanna Ísafoldar og reglulega er farið í gönguferðir. Unnið er að því að bjóða starfsmönnum aðgang að tækjasal í sjúkrahjálfun Ísafoldar og ennfremur býður sjúkrahjálfari heimilisins upp á námskeið í líkamsbeitingu. Árlega eru haldnir heilsudagar á Ísafold.

Fræðsla/símenntun

Starfsþróun og fræðsla er hluti af mannauðsstefnu Garðabæjar sem Ísafold starfar eftir. Árlega er á Ísafold gerð þarfagreining á á fræðslu sem stuðst er við þegar gerð er fræðsluáætlun. Fjölbreytt fræðsla er í boði á Ísafold og starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið og fyrirlestra utanhúss og geta sótt fræðslu í vinnutíma. Rauði kross Íslands hefur staðið fyrir skyndihjálpar- og endurlífgunarnámskeiðum fyrir starfsmenn Ísafoldar sem Garðabær hefur niðurgreitt og er næsta námskeið fyrirhugað í maí 2015. Námskeið fyrir nýliða eru haldin tvisvar á ári þar sem meðal annars er fræðsla um sýkingavarnir og ofbeldi gegn öldruðum og eru allir starfsmenn hvattir til að mæta á fyrirlestra sem eru í boði á þessum námskeiðum.

GÆÐAMÁL/FAGLEGIR ÞÆTTIR

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Koma sér upp formlegu gæðaþróunarstarfi og fylgja eigin áætlun í gæðamálum, enda ber öllum þeim er starfa í heilbrigðisþjónustu að efla gæði þjónustunnar. (*Stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum, 2007*).

Fylgjast með gæðum og öryggi þjónustunnar og stuðla að því að þessir þættir séu sýnilegir, m.a. með notkun gæðavísa. (*Reglugerð um gerð gæðavísa sem notaðir eru til að meta gæði og árangur innan heilbrigðisþjónustunnar nr. 1148/2008*).

Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis *Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014*.

Á Ísafold hafa verið sett fram nokkur gæða- og þjónustumarkmið sem metin hafa verið með hliðsjón af niðurstöðum úr RAI mati, þjónustukönnunum og viðhorfskönnunum svo dæmi séu tekin. Gæðaráð var skipað fyrr á þessu ári og er hlutverk þess að meta gæði starfseminnar og gera áætlun um úrbætur. Hanna Jósafatsdóttir hjúkrunardeildarstjóri er gæðastjóri og mun hún vinna náið með hjúkrunarforstjóra að umbótastarfi og skipuð verða gæðateymi sem munu gera áætlanir um úrbætur og fylgja eftir gæðavinnu.

Gæðahandbók er ekki á rafrænu formi en útprentuð á hverri heimiliseiningu og er að sögn stjórnenda í stöðugri endurskoðun. Stefnt er að því að gæðahandbókin verði á rafrænu formi þegar opnaður hefur verið nýr innri vefur hjá Garðabæ.

Gæðastjóri ber ásamt hjúkrunardeildarstjórum ábyrgð á RAI skráningu og reglulega er fylgst með niðurstöðum RAI gæðavísa og eru þeir notaðir til að fylgjast með gæðum og umbótastarf hafið ef þörf krefur. Gæðavísar eru 20 talsins og þegar skoðaðir eru gæðavísar frá síðustu matstímabilum kemur í ljós að langflestir eru í góðu lagi og innan við efri viðmiðunarmörk íslensku gæðaviðmiðana.

Sýkingavarnir

Góðar verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar/umönnunar eru fyrir hendi í gæðahandbók, svo sem varðandi sýkingavarnir og handþvott sem eru kynntar öllum nýjum starfsmönnum. Við gerð sýkingavarnaáætlunar er stuðst við leiðbeiningar frá Landspítalanum og Embætti landlæknis. Allar sýkingar sem upp koma eru skráðar í Sögu, ekki hafa komið upp alvarlegar sýkingar á heimilinu frá stofnun þess.

Lyfjamál

Hjúkrunarfræðingar eru ábyrgir fyrir lyfjatiltekt og skráningu. Öll lyf eru geymd í læstum skápum í vinnuherbergjum hjúkrunarfræðinga á hverri hæð. Eftirritunarskyld lyf eru geymd í skáp með talnalás inni í lyfjaskápum og lokaðir með rafrænni læsingu. Föst lyf koma pökkuð frá Lyfjaveri og kvittað fyrir allar lyfjagjafir á sérstökum blöðum sem geymd eru í möppu með lyfjakorti íbúans. Lyfjafyrirmæli eru gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyfjanefnd starfar við heimilið og lyfjafræðingar Lyfjavers sjá um þjónustu við heimilið og koma í reglubundið eftirlit. Lyfjaþjónusta er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Reglulega er fylgst með lyfjagæðavísam sem Embætti landlæknis mælir með.

Þjónustukannanir

Þjónustukönnun hefur verið gerð á heimilinu og einnig nokkrar styttri kannanir meðal íbúa og aðstandenda. Fjöldi funda hefur verið haldinn með íbúum og aðstandendum þar sem leitað hefur verið eftir hugmyndum og áherslum varðandi uppbyggingu Ísafoldar.

SKRÁNING

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Tryggja að lágmarksupplýsingar séu skráðar í sjúkraskrá og þau atriði sem nauðsynleg eru vegna meðferðar sjúklings. (*Lög um sjúkraskrá nr. 55/2009 og fyrirmæli landlæknis um lágmarksskráningu vistunarupplýsinga á sjúkrahúsum, 2011*).

Virða lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Læknisfræðileg skráning er á ábyrgð læknis heimilisins og er á rafrænu formi í Sögu kerfið. Sjúkraskrá er aðgangsstýrð og ábyrgðarmaður er Kristín Óskarsdóttir deildarstjóri. Fyrir hendi er skjalfest stefna varðandi upplýsingaöryggi sjúkraskrárgagna sem geymd er í gæðahandbók.

Við hjúkrunarskráningu sem einnig er rafræn í Sögu kerfið er stuðst við NANDA flokkunarkerfið og einnig eru niðurstöður úr RAI mati notaðar við hjúkrunarskráningu. Ábyrgðarmaður RAI matsskráningar er Kristín Blöndal hjúkrunarforstjóri.

Atvik /kvartanir

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Framfylgja ákvæðum laga um skráningu og tilkynningar óvæntra atvika til EL. (*Lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007*).

Rýna í og nýta atvik og kvartanir til markvissra umbóta á starfsháttum og gæðum þjónustu. Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis *Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014*.

Skriflegar verklagsreglur varðandi atvikaskráningu eru fyrir hendi í gæðahandbók heimilisins. Öll atvik eru skráð og fer deildarstjóri ásamt hjúkrunarforstjóra yfir öll atvik og skoðar hvað fór úrskeiðis og hvort þörf er á umbótum til að gera umhverfið öruggara. Atvik sem snúa að íbúum eru skráð rafrænt í Sögu skráningarkerfi.

Ekki voru skráð nein alvarleg atvik á síðasta ári.

Í gæðahandbók eru leiðbeiningar um viðbrögð við athugasemdum eða kvörtunum vegna þjónustu á heimilinu og/eða meðferðar íbúa. Þeim sem gerir athugasemd, kvartar eða kærir er bent á að senda skriflega athugasemd/kvörtun til forstöðumanns Ísafoldar og skal athugasemdum svarað eins fljótt og auðið er. Einnig er vakin athygli á að viðkomandi getur beint kvörtunum til Embættis landlæknis í

samræmi við ákvæði laga um landlækni. Í gæðahandbók er bent á lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og einnig er þar að finna eyðublað frá Embætti landlæknis þar sem hægt er að fylla úr kvörtun.

ÖRYGGISMÁL

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að:

Móta sér stefnu er varðar öryggismál stofnunarinnar sem snertir öryggi sjúklinga, starfsfólks, upplýsinga, eigna og búnaðar.

Á Ísafold er starfandi öryggisnefnd og skipaðir hafa verið öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir. Skýrar reglur og leiðbeiningar um ofbeldi eru skráðar í gæðahandbók og hluti af þjálfun starfsfólks og námskeiðshaldi er að kenna viðbrögð við ofbeldi. Viðbragðsáætlanir við ofbeldi og óþöðnum gestum eru skráðar í gæðahandbók heimilisins og kynntar starfsfólki.

Öryggisbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi íbúa og eru reglur þar að lútandi skráðar í gæðahandbók. Sérstakt eyðublað fyrir upplýst samþykki um notkun öryggisbúnaðar er í gæðahandbók.

Mjög fullkomið brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu sem er beintengt við öryggisfyrirtæki og til er skrifleg rýmingaráætlun fyrir allt húsið. Björgunarpakkinn með upplýsingum um rýmingu er til staðar á hverri heimiliseiningu. Haldnar hafa verið borðæfingar með fulltrúum slökkviliðs, öryggisnefnd, hjúkrunarfræðingum, stjórnendum og öðru starfsfólki.

Öryggisnefnd Ísafoldar vinnur að gerð skriflegrar áætlunar skv. reglugerð nr. 920/2006 um áhættumat og forvarnir á Ísafold og er sú vinna langt komin.

SAMANTEKT OG ÁBENDINGAR

Mönnun

Mönnun hjúkrunarfræðinga og fagfólks við umönnun er í lágmarki og nær ekki lágmarksvimiðum sem miðað er við í *Viðmiðum um mönnun á hjúkrunarheimilum* frá 2014. Embætti landlæknis hvetur til þess að fagleg mönnun við umönnun á heimilinu verði aukin.

Þjálfun/virkni og sálgæsla

Jákvætt er hversu öflug sjúkra- og iðjuþjálfun er á heimilinu. Virkni/félagsstarf er fjölbreytt og með ágætum.

Fæði og mótuneyti

Í góðu lagi.

Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Ísafoldar er nýtt og í mjög góðu lagi.

Öryggi og eftirlit

Í mjög góðu lagi.

Gæðastarf

Jákvætt er að gæðahandbók er fyrir hendi og ennfremur er gott að starfandi er gæðaráð á heimilinu og sérstakur gæðastjóri.

Atvik/kvartanir

Atvik skráð í atvikaskrá og skriflegar verklagsreglur í gæðahandbók.

Skráning

Í góðu lagi. Sjúkra- og hjúkrunarskráning er rafræn í Sögu skráningarakerfi.

Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla.

ÁBENDINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

- Leita allra leiða til að auka faglega mönnun við hjúkrun/umönnun íbúa.

LOKAORÐ

Embættið þakkar góða samvinnu við stjórnendur Ísafoldar í tengslum við úttektina.